


Fylgiskjal 11



Skipulagsstofnun
Rut Kristinsdóttir
Laugavegur 166
150 Reykjavík

Fornleifavernd ríkisins

Suðurgata 39, 101 Reykjavík
Sími: 555 6630, Bréfsími: 555 6631
Heimasíða: www.fornleifavernd.is
kristinn@fornleifavernd.is

Reykjavík 29. janúar 2009

Tilvísun: Fvr 2007080008 IKM

Efni: Norðfjarðarvegur um Norðfjarðargöng.

Fornleifavernd ríkisins hefur mótttekið bréf Skipulagsstofnunar frá 5. desember 2008 þar sem óskað er eftir umsögn um mat á umhverfisáhrifum ofangreindrar framkvæmdar. Beðist er velvirðingar á tögum sem orðið hafa á afgreiðslu erindisins.

Með bréfi Skipulagsstofnunar fylgdi frummatsskýrsla og tvær fornleifaskráningarskýrslur frá Byggðasafni Skagfirðinga: *Fornleifaskráning vegna mats á umhverfisáhrifum framkvæmda við Norðfjarðarveg og Norðfjarðargöng* og *Viðbót við fornleifaskráningu vegna mats á umhverfisáhrifum vega- og gangagerðar í Fjarðabyggð*. Stuðst er við upplýsingar úr þessum gögnum í umsögninni.

Í frummatsskýrslu kemur fram að til skoðunar sé ein veglína Eskifjarðarmegni sem liggur að gangamunna í hliðinni skammt innan við þéttbýlið í Eskifirði. Þaðan eru tvenn jarðgöng til skoðunar sem bæði liggja að Fannardal, Jarðgöng 1 og Jarðgöng 2. Fimm valkostir veglínu eru til skoðunar frá Jarðgöngum 1, 1A, 1B, 1C, 1D og 1E. Frá Jarðgöngum 2 er aðeins einn valkostur veglínu Norðfjarðarmegin, 2A. Í skýrslunni segir jafnframt að Vegagerðin hafi komist að þeirri niðurstöðu að ekki sé forsvaranlegt að leggja til að jarðgangaleið 2 verði fyrir valinu, vegna þeirrar áhættu sem framkvæmdir á leiðinni feli í sér fyrir vatnsból Norðfirðinga. Í samráði við Fjarðarbyggð leggur Vegagerðin til að nýr Norðfjarðarvegur verði lagður sunnan Norðfjarðarár.

Alls voru 67 fornleifar skráðar á svæðinu sem var til athugunar. Sex fornleifar voru skráðar Eskifjarðarmegin en engin þeirra er í innan við 100 m fjarlægð frá fyrirhugaðri veglínu. Eskifjarðarmegin þarf því ekki að taka tillit til fornleifa vegna framkvæmda við veg en tvær fornleifar eru nærri efnislosunarsvæði, sjá umfjöllun neðar.

Veglína 1A.

Taka þarf tillit til eftirtalinnna fornleifa vegna veglínu 1A (skáletraður texti er úr skýrslu Byggðasafns Skagfirðinga):

Beitarhús (158157 100-4) í landi Hóla. Í búskaparannál Sveita- og jarða segir:

„Beitarhúsataettur á Hólaströnd.“ (SJM, 45). Á Hólaströnd sunnan Norðfjarðarár, gengt Naumamel tæplega 30m suður af árbakka Norðfjarðarár eru tóftir beitarhúsa. Tóftin er í um 30 m fjarlægð frá mörkum framkvæmdasvæðisins. Fornleifavernd ríkisins telur að merkja þurfi tóftina á meðan á framkvæmdum stendur til að koma í veg fyrir að hún raskist af vangá.

Beitarhús-tóft (158171 93-1) í landi Skorrastaðar. Í örnefnaskrá segir: „Frá Melshorni inn með ánni heita Hálseyrar. Þá koma beitarhús frá Skorrastað, sem heita Hálshús“

(ÖSK, 4). Um húsin segir í Sveitum og jörðum: „Beitarhús: Á Staðarhálsi fram undir '60“ (SJM, 34). Tóftirnar eru þrjár, staðsettar í Staðarhálsi gegnt Kirkjubólssá, rúmlega 800m suðvestur af íbúðarhúsi á Kirkjubóli. Stærsta tóftin er tvískipt tóft fjárhúss og hlöðu. Tóftin snýr norður/suður, hún er 20x7m að utanmáli. Nyrðri tóftin er af fjárhúsi, um 8x3m að innanmáli, liggur garði eftir miðju húsinu. Dyr hafa verið á fjárhúsinu til norðurs.

Hlöðutóft er áföst sunnan við um 3x5m að innanmáli. Inngangur hefur verið um garðann milli fjárhúss og hlöðu. Mesta breidd veggja er 2m og hæð 1,7m. Tóftin er talin vera frá 19. eða 20. öld. Miðtóftin er í um 17 m fjarlægð norður af mörkum framkvæmdasvæðisins. Fornleifavernd ríkisins telur að merkja þurfi tóftina á meðan á framkvæmdum stendur til að koma í veg fyrir að hún raskist af vangá.

Beitarhús, fjárhús/hlaða (158171 93-2) í landi Skorrastaðar. Tóftin er í tóftaþyrpingu í Staðarhálsi gegnt Kirkjubólssá, rúmlega 800m suðvestur af íbúðarhúsi á Kirkjubóli. Vestast er tóft af fjárhúsi. Tóftin er 7x11 m að utanmáli og snýr norður/suður. Dyr hafa snúið mót norðri. Veggir eru um 1 m á þykkt og um 1,7m á hæð. Tóftin er í um 20 m fjarlægð frá mörkum framkvæmdasvæðisins. Fornleifavernd ríkisins telur að merkja þurfi tóftina á meðan á framkvæmdum stendur til að koma í veg fyrir að hún raskist af vangá.

Beitarhús-kofi (158171 93-3) í landi Skorrastaðar. Tóftin er í tóftaþyrpingu í Staðarhálsi gegnt Kirkjubólssá, rúmlega 800m suðvestur af íbúðarhúsi á Kirkjubóli. Austust tóftanna þriggja er kofatóft sem virðist eldri en hinar tóftirnar. Tóftin er 3x4m að utanmáli, snýr nna/ssv og hafa dyr snúið til nna. Veggir eru um 70 cm þykkir og 40 cm á hæð. Tóftin er í um 22 m fjarlægð frá mörkum framkvæmdasvæðisins. Fornleifavernd ríkisins telur að merkja þurfi tóftina á meðan á framkvæmdum stendur til að koma í veg fyrir að hún raskist af vangá.

Gata (158171 93-4) í landi Skorrastaðar. Í örnefnaskrá segir: „Frá Melshorni inn með ánni heita Hálseyrar. Þá koma beitarhús frá Skorrastað, sem heita Hálshús“ (ÖSK). Til austurs frá Hálshúsum er gata sú sem líklega hefur legið heiman frá beitarhúsum. Hún er vel greinanleg á 140m kafla en hverfur svo í gróður. Austasti hluti götunnar mun hverfa undir veglínuna. Gatan hefur verið mæld upp með gps tæki. Fornleifavernd ríkisins telur að ekki þurfi að grípa til frekari mótvægisáðgerða gagnvart götunni en bendir á að sækja þarf um leyfi Fornleifaverndar ríkisins til að fjarlægja eða hylja götuna, sbr. 10. gr. Þjóðminjalaga (Nr. 107/2001).

Kofi/Smalakofi (158171 93-5) í landi Skorrastaðar. Kofatóft liggur 500m vestur af Hálshúsum og um 130 m suður af Norfjarðará frammi á bakka sunnan árinna. Tóftin liggur norður/suður og hafa dyr verið í norður. Hún er 4x6m að utanmáli og mjög gróin og sjást hvergi steinar í hleðslu. Hæð vegghleðslu er um 50 cm og þykkt um 1m. Tóftin er í um 90 m fjarlægð frá framkvæmdasvæðinu. Henni ætti því ekki að stafa hættu af framkvæmdum. Fornleifavernd ríkisins telur að gera þurfi verktökum grein fyrir tilvist tóftarinnar til að koma í veg fyrir að hún raskist af vangá.

Veglína 1B.

Taka þarf tillit til sömu forneifa vegna veglínu 1B og 1A. Beitarhús (158171 93-2) liggur nokkrum metrum nær framkvæmdasvæði 1B en 1A en þó ætti eftir sem áður að vera hægt að forðast rask á tóftinni með því að merkja hana á meðan á framkvæmdum stendur. Kofatóft

(158171 93-5) lendir á framkvæmdasvæði veglínu 1B. Kofatóftin er talin vera frá 19. eða 20. öld. Tóftin hefur verið mæld upp og teiknuð. Fornleifavernd ríkisins telur grafa þurfi könnunarskurð í tóftina í þeim tilgangi að kanna hlutverk hennar og til að reyna að fá betri hugmynd um aldur hennar. Vísað er til umsagnar um veglínu 1A varðandi aðrar fornleifar við veglínu 1B.

Veglína 1C.

Taka þarf tillit til eftirtalinnna fornleifa vegna veglínu 1C (skáletraður texti er úr skýrslu Byggðasafns Skagfirðinga):

Beitarhús (158157 100-4) í landi Hóla. *Í búskaparannál Sveita- og jarða segir:*

„*Beitarhúsatættur á Hólaströnd.*“ (SJM, 45). *Á Hólaströnd sunnan Norðfjarðarár, gengt Naumamel tæplega 30m suður af árbakka Norðfjarðarár eru tóftir beitarhúsa. Tóftin er í um 30 m fjarlægð frá mörkum framkvæmdasvæðisins. Fornleifavernd ríkisins telur að merkja þurfi tóftina á meðan á framkvæmdum stendur til að koma í veg fyrir að hún raskist af vangá.*

Kofi/Smalakofi (158171 93-5) í landi Skorrastaðar. *Kofatóft liggur 500m vestur af Hálshúsum og um 130 m suður af Norfjarðará frammi á bakka sunnan árinna. Tóftin liggur norður/suður og hafa dyr verið í norður. Hún er 4x6m að utanmáli og mjög gróin og sjást hvergi steinar í hleðslu. Hæð vegghleðslu er um 50 cm og þykkt um 1m. Kofatóftin lendir á framkvæmdasvæði veglínu 1C. Kofatóftin er talin vera frá 19. eða 20. öld. Tóftin hefur verið mæld upp og teiknuð. Fornleifavernd ríkisins telur grafa þurfi könnunarskurð í tóftina í þeim tilgangi að kanna hlutverk hennar og til að reyna að fá betri hugmynd um aldur hennar.*

Sundlaug (158160 99-1) í landi Kirkjubóls. *Sundlaugin var um 100m vestur af félagsheimili hestamannafélagsins Blæs í kverkinni milli vegarins sem liggur inn Fannardal og vegar þess sem liggur niður að félagssvæði hestamannafélagsins. Stærð sundlaugarinnar hefur verið um 25x13m. Hlaðið hefur verið fyrir læk með um 6 m löngu garðlagi. Mesta breidd veggjar er um 1m og hæð um 1,5m. Heimildamaður segir sundlauginna hafa verið notaða til sundkennslu en eftir að ungur piltur druknaði þar var hleypt úr henni. Sundlaugin, sem er byggð á fyrri hluta 20. aldar, stendur um 8 m frá framkvæmdasvæðinu. Hún nýtur ekki verndar þjóðminjalaga þar sem hún er ekki orðin 100 ára, sbr. 9. gr. laganna. Fornleifavernd ríkisins telur engu að síður mikilvægt að reynt verði að varðveita sundlauginna með því að merkja hana vel á meðan á framkvæmdum stendur.*

Vegur (158160 99-2) í landi Kirkjubóls. *Um 300m ssv af íbúðarhúsi á Kirkjubóli og 60m vestur af Kirkjubólsá neðan vegar þess er liggur inn Fannardal, er hluti gamla vegarins. Í Sveitum og jörðum segir að allir bæir í sveitinni hafi verið komnir í vegasamband rétt fyrir 1960 (SJM, 18). Óvíst eru um aldur þessa vegar. Á þeim kafla sem vegurinn sést er hann upphlaðinn, um 3 m breiður, grasi gróinn, á um rúmlega 60 m kafla. Í texta í fornleifaskráningarskýrslu og frummatsskýrslu er vegurinn sagður liggja um 8-18 m suður af miðlínu 1C og verða í útjaðri framkvæmdasvæðisins. Í töflum í sömu skýrslum kemur fram að vegurinn sé 8-18 m frá útbrún framkvæmdasvæðisins. Vegurinn, sem er bílvegur, er frá fyrri hluta 20. aldar og nýtur því ekki verndar þjóðminjalaga þar sem hann er ekki orðin 100 ára, sbr. 9. gr. laganna. Fornleifavernd ríkisins telur engu að síður mikilvægt að reynt verði að varðveita veginn með því að merkja hann vel á meðan á framkvæmdum stendur.*

Fjánhús (158160 99-3) í landi Kirkjubóls. *Tæplega 330m suðvestur af íbúðarhúsi á Kirkjubóli, rúmlega 30m neðan vegar þess sem liggur inn Fannardal og 75m austur af Kirkjubólsá er fjárhús- og hlöðutóft. Tóftin snýr nálega norður-suður og er hlaðan norðan við. Utanmál ca. 12 x 6m. Suðurgöfl í fjárhúsi hefur verði úr timbri. Veggir eru um metri á þykkt og vegg hæð um 50cm. Fjánhústóftin er í um 36 m fjarlægð frá mörkum framkvæmdasvæðisins. Fornleifavernd ríkisins telur að merkja þurfi tóftina á meðan á*

framkvæmdum stendur til að koma í veg fyrir að hún raskist af vangá.

Stekkur, heytóft (?) (158160 99-4) í landi Kirkjubóls. Tóft liggur um 380m (suðvestan) Kirkjubólsbæjar í kjarrmóa fast neðan túns innan Kirkjubólsár, um 10m ofan (norðan) vegar inn Fannardal. Tóftin er um 8x5m að utanmáli og snýr norður-suður. Sunnan við er greinileg tóft um 3,5x2,5m að innanmáli og hafa dyr verið í suður. Norðan hennar er svo upphækkun og má greina á henni tóftarlag en sú tóft er virkjameiri og yngri að sjá og má vera að heytóft hafi verið hlaðin í eldri útihúsatóft. Heytóftin snýr austur-vestur en ekki er hægt að sjá á henni dyr, hún hefur verið um 3x1,5m að innanmáli. Veggir syðri tóftarinnar eru um 70cm á breidd og rétt um 40cm á hæð en ekkert grjót sést í þeim og er mosi og lyng farið að vaxa í veggjum hennar. Nyrðri tóftin er nokkuð hærri og á henni vex einungis gras. Tóftin lendir innan framkvæmdasvæðis veglínu 1C. Fornleifavernd ríkisins telur að grafa þurfi könnunarskurði í tóftina til að kanna hlutverk hennar og aldur.

Tóft (158160 99-5) í landi Kirkjubóls. Um 430m neðan (suðvestan) Kirkjubólsbæjar í kjarrmóa fast neðan túns innan Kirkjubólsár, um 20m ofan (norðan) vegar inn Fannardal og um 60 m vestur af tóft [158160 99-4] er kofatóft. Tóftin snýr austur-vestur, er orðin nokkuð jarðsokkin og vaxin lyngi. Hún er um 3x1m að innanmáli, dyr hafa verið í austur. Veggir eru einungis um 30cm háir og um 50cm breiðir. Tóftin lendir á framkvæmdasvæði veglínu 1C. Hún er talin vera frá 19. eða 20. öld. Tóftin hefur verið mæld upp og teiknuð. Fornleifavernd ríkisins telur grafa þurfi könnunarskurði í tóftina í þeim tilgangi að kanna hlutverk hennar og til að reyna að fá betri hugmynd um aldur hennar.

Tóft (158160 99-6) í landi Kirkjubóls. Um 470m neðan (suðvestan) Kirkjubólsbæjar í kjarrmóa fast neðan túns innan Kirkjubólsár, um 10 m ofan (norðan) vegar inn Fannardal og um 60 m vestur af [158160 99-5] er tóft. Tóftin er um 3,5x2m að innanmáli og virðast dyr hafa verið við suðaustur horn. Tóftin snýr austur-vestur og eru veggir um 30cm á hæð og um 50cm þykkir. Lyng og mosi vex í veggjum og hvergi sést grjót í hleðslu. Tóftin er í um 23 m fjarlægð frá mörkum framkvæmdasvæðisins. Fornleifavernd ríkisins telur að merkja þurfi tóftina á meðan á framkvæmdum stendur til að koma í veg fyrir að hún raskist af vangá.

Rétt (158160 99-7) í landi Kirkjubóls. Um 490m neðan (suðvestan) Kirkjubólsbæjar í hvammi neðan túns innan Kirkjubólsár, um 10m ofan (norðan) vegar inn Fannardal og um 60m vestur af tóft [158160 99-6] er garðlag sem munu vera leifar réttar sem hvarf að hluta þegar vegurinn var lagður inn Fannardal. Garðlagið er hlaðið upp við hvambrekkuna sem myndað hefur austurhlið réttarinnar. Garðlagið liggur til vesturs frá brekkunni á um 7m kafla og beygir svo til suðurs. Réttin er í um 72 m fjarlægð frá framkvæmdasvæðinu. Henni ætti því ekki að stafa hættu af framkvæmdum. Fornleifavernd ríkisins telur að gera þurfi verktökum grein fyrir tilvist réttarinnar til að koma í veg fyrir að hún raskist af vangá.

Mógrafir (158160 99-8) í landi Kirkjubóls. Austan svokallaðs Mógrafarhyls í mýri neðan við veg inn í Fannardal um 110m vestur af Kirkjubólsá, vestan fjárhús- og hlöðutóftar [158160 99-3] eru mógrafir. Mógrafirnar liggja á svæði sem eru um 50m frá austri til vesturs og um 30m frá norðri til suðurs. Hluti grafanna er fylltur með vatni. Mógrafir kunna einnig að hafa verið neðar, nær ánni en áin hefur brotið hluta þess svæðis.

Mógrafirnar er í um 16 m fjarlægð frá mörkum framkvæmdasvæðisins. Fornleifavernd ríkisins telur að merkja þurfi mógrafarsvæðið á meðan á framkvæmdum stendur til að koma í veg fyrir að það raskist af vangá.

Veglína 1D.

Taka þarf tillit til eftirtalinnar fornleifa vegna veglínu 1D (skáletraður texti er úr skýrslu Byggðasafns Skagfirðinga):

Fornleifar 158160 99 1,2,3,4,5,6,7 og 8 í landi Kirkjubóls eru í nágrenni veglínu 1D líkt og í

nágrenni veglínu 1C. Sjá lýsingu á þessum fornleifum hér að ofan.

Sundlaug (158160 99-1) í landi Kirkjubóls. Sundlaugin, sem er byggð á fyrri hluta 20. aldar, stendur um 15 m frá framkvæmdasvæðinu. Hún nýtur ekki verndar þjóðminjalaga þar sem hún er ekki orðin 100 ára, sbr. 9. gr. laganna. Fornleifavernd ríkisins telur engu að síður mikilvægt að reynt verði að varðveita sundlaugina með því að merkja hana vel á meðan á framkvæmdum stendur.

Vegur (158160 99-2) í landi Kirkjubóls. Vegurinn er í útjaðri framkvæmdasvæðisins. Vegurinn, sem er bílvegur, er frá fyrri hluta 20. aldar og nýtur því ekki verndar þjóðminjalaga þar sem hann er ekki orðin 100 ára, sbr. 9. gr. laganna. Ef ekki reynist unnt að varðveita veginn er það álit Fornleifaverndar ríkisins að mæla þurfi upp og ljósmynda þann kafla hans sem raskað verður.

Fjánhús (158160 99-3) í landi Kirkjubóls. Fjánhústóftin er í um 18 m fjarlægð frá mörkum framkvæmdasvæðisins. Fornleifavernd ríkisins telur að merkja þurfi tóftina á meðan á framkvæmdum stendur til að koma í veg fyrir að hún raskist af vangá.

Stekkur, heytóft (?) (158160 99-4) í landi Kirkjubóls. Tóftin lendir innan framkvæmdasvæðis veglínu 1D. Fornleifavernd ríkisins telur að grafa þurfi könnunarskurði í tóftina til að kanna hlutverk hennar og aldur.

Tóft (158160 99-5) í landi Kirkjubóls. Tóftin lendir á framkvæmdasvæði veglínu 1D. Hún er talin vera frá 19. eða 20. öld. Tóftin hefur verið mæld upp og teiknuð. Fornleifavernd ríkisins telur grafa þurfi könnunarskurði í tóftina í þeim tilgangi að kanna hlutverk hennar og til að reyna að fá betri hugmynd um aldur hennar.

Tóft (158160 99-6) í landi Kirkjubóls. Tóftin lendir á framkvæmdasvæði veglínu 1D. Hún er talin vera frá 19. eða 20. öld. Tóftin hefur verið mæld upp og teiknuð. Fornleifavernd ríkisins telur grafa þurfi könnunarskurði í tóftina í þeim tilgangi að kanna hlutverk hennar og til að reyna að fá betri hugmynd um aldur hennar.

Rétt (158160 99-7) í landi Kirkjubóls. Réttin er í um 32 m fjarlægð frá mörkum framkvæmdasvæðisins. Fornleifavernd ríkisins telur að merkja þurfi réttina á meðan á framkvæmdum stendur til að koma í veg fyrir að hún raskist af vangá.

Mógrafir (158160 99-8) í landi Kirkjubóls. Mógrafirnar lenda á framkvæmdasvæði veglínu 1D. Þær hafa verið skráðar. Fornleifavernd ríkisins telur þetta fullnægjandi mótvægisáðgerðir en bendir á að sækja þarf um leyfi Fornleifaverndar ríkisins til að fjarlægja eða hylja mógrafirnar, sbr. 10. gr. þjóðminjalaga (Nr. 107/2001).

Tóft (158157 100-2) í landi Hóla. *Í móa um 17m neðan við veg þann sem liggur inn Fannardal og um 70m suður af steiptum grunni íbúðarhúss á Hólum er tóft. Tóftin er jarðsokkin, um 3x6m að utammáli. Veggir eru um metri á þykkt en einungis um 30cm á hæð. Engar dyr eru sjáanlegar og kann þetta því að vera heytóft.* Tóftin er í um 22 m fjarlægð frá mörkum framkvæmdasvæðisins. Fornleifavernd ríkisins telur að merkja þurfi tóftina á meðan á framkvæmdum stendur til að koma í veg fyrir að hún raskist af vangá.

Beitarhús (158157 100-4) í landi Hóla. *Í búskaparannál Sveita- og jarða segir: „Beitarhúsataettur á Hólaströnd.“ (SJM, 45). Á Hólaströnd sunnan Norfjarðarár, gegnt Naumamel tæplega 30m suður af árbakka Norfjarðarár eru tóftir beitarhúsa. Tóftin er 5x12m að utammáli og snýr hún nálega nna/ssv. Tóftin er í um 40 m fjarlægð frá mörkum framkvæmdasvæðisins. Fornleifavernd ríkisins telur að merkja þurfi tóftina á meðan á framkvæmdum stendur til að koma í veg fyrir að hún raskist af vangá.*

Hleðsla (158157 100-6) í landi Hóla. *Einföld grjóthleðsla er á Hólbungu 280m suðaustur af gamla bæjarstæði Hóla og um 6m niður af vegi inn Fannardal. Á hólnum má greina nálega hringlaga einfalda grjóthleðslu um 1,5x1,5m að ummáli. Ekki er hægt að greina hvort að þetta eru leifar tóftar (króarinnar sem hraunið tekur nafn sitt af?) en hóllinn er mjög gróinn. Hleðslan er í um 61 m fjarlægð frá framkvæmdasvæðinu. Henni ætti því ekki*

Fylgiskjal 11

að stafa hætta af framkvæmdum. Fornleifavernd ríkisins telur að gera þurfi verktökum grein fyrir tilvist hleðslunnar til að koma í veg fyrir að hún raskist af vangá.

Stekkur (158157 100-7) í landi Hóla. Tóftin liggur fast neðan (sunnan) vegar inn Fannardal austan svokallaðs Króarhrauns. Tóftin er tvískipt og líkist einna helst stekkjartóft. Hún liggur norður-suður og er smærra hólfið, lambakróin sunnantil um 1x1,5m að innanmáli. Norðan hennar er stærri kró eða rétt um 3x2m að innanmáli, innangengt hefur verið á milli krónna. Veggjahæð er um 0,3m og þykkt 40cm. Hún er grasi vaxin og tveir steinar úr hleðslum eru enn greinanlegir. Inngangur eða hlið inn í tóftina hefur verið til austurs. Stekkurinn er í um 64 m fjarlægð frá framkvæmdasvæðinu. Honum ætti því ekki að stafa hætta af framkvæmdum. Fornleifavernd ríkisins telur að gera þurfi verktökum grein fyrir tilvist stekksins til að koma í veg fyrir að hann raskist af vangá.

Tóft (158157 100-8) í landi Hóla. Tóft smákofa liggur um 30m suður af vegi neðan gamla Hólabæjarins við svokallað Króarhraun, um 30m suðaustur af stekkinum nr. 7. Tóftin er um 2x1,5m að innanmáli, veggir um 40cm þykkir og um 20cm háir. Tóftin er vaxin grasi og virðist svipuð stekkinum að aldri. Dyr hafa vitað í suður. Tóftin er í um 40 m fjarlægð frá mörkum framkvæmdasvæðisins. Fornleifavernd ríkisins telur að merkja þurfi tóftina á meðan á framkvæmdum stendur til að koma í veg fyrir að hún raskist af vangá.

Mógrafir (158157 100-9) í landi Hóla. Mógrafarsvæði liggur neðst í brekku, um 100m neðan vegar neðan Hóla, um 160m suðaustan stepts grunns undan síðasta íbúðarhúsinu. Mógrafarsvæðið er um 33m langt frá norðvestri til suðvesturs og um 13m breitt, allt að 1,5m djúpt. Svæðið er vel gróið og þurrt. Ekki er hægt að fullyrða neitt um aldur mógrafanna. Mógrafirnar eru í um 26 m fjarlægð frá mörkum framkvæmdasvæðisins. Fornleifavernd ríkisins telur að merkja þurfi mógrafirnar á meðan á framkvæmdum stendur til að koma í veg fyrir að þær raskist af vangá.

Veglína 1E.

Taka þarf tillit til eftirtalinnna fornleifa vegna veglínu 1E (skáletraður texti er úr skýrslu Byggyðasafns Skagfirðinga):

Fornleifar 158160 99 1,2,3,4,5,6,7 og 8 í landi Kirkjubóls eru í nágrenni veglínu 1E líkt og í nágrenni veglínu 1C og 1D. Sjá lýsingu á þessum fornleifum hér að ofan í umfjöllun um veglínu 1C.

Sundlaug (158160 99-1) í landi Kirkjubóls. Sundlaugin, sem er byggð á fyrri hluta 20. aldar, stendur einungis um 2 m frá framkvæmdasvæðinu. Hún nýtur ekki verndar þjóðminjalaga þar sem hún er ekki orðin 100 ára, sbr. 9. gr. laganna. Fornleifavernd ríkisins telur engu að síður mikilvægt að reynt verði að varðveita sundlaugina með því að merkja hana vel á meðan á framkvæmdum stendur. Ef ekki reynist unnt að varðveita sundlaugina er það álit Fornleifaverndar ríkisins að mæla þurfi mannvirkið nákvæmlega upp áður en því er raskað.

Vegur (158160 99-2) í landi Kirkjubóls. Vegurinn er 25 m fjarlægð frá framkvæmdasvæðinu. Vegurinn, sem er bílvegur, er frá fyrri hluta 20. aldar og nýtur því ekki verndar þjóðminjalaga þar sem hann er ekki orðin 100 ára, sbr. 9. gr. laganna. Fornleifavernd ríkisins telur engu að síður mikilvægt að reynt verði að varðveita veginn með því að merkja hann vel á meðan á framkvæmdum stendur.

Fjárhús (158160 99-3), stekkur, heytóft (?) (158160 99-4), tóft (158160 99-5), tóft (158160 99-6), rétt (158160 99-7) og mógrafir (158160 99-8) í landi Kirkjubóls eru allar í 59 til 86 m fjarlægð frá framkvæmdasvæðinu. Þessum fornleifum ætti því ekki að stafa hætta af framkvæmdum. Fornleifavernd ríkisins telur að gera þurfi verktökum grein fyrir tilvist fornleifanna til að koma í veg fyrir að þær raskist af vangá.

Bæjarhóll (158160 99-9) í landi Kirkjubóls. Ásmundarstaðir liggja í grónum móa um

540m vestsuðvestur af níverandi bæjarhúsi á Kirkjubóli á vesturbakka smá gils sem lækur hefur runnið um fyrrum. Túnið er að hluta umlukið túngarði. Bæjarhóllinn liggur á grasflöt á vesturbakka gilsins en kjarr og annar gróður er mjög farinn að þrengja að bæjarstæðinu og er túngarðurinn að mestu að hverfa í kjarrgróður og hluti tóftanna umhverfis bæjarhólinn er einnig kjarri vaxinn. Bæjarhóllinn er um 30m langur og um 10 m breiður. Efst á hólum austanverðum er seinni tíma tóft, etv. stekkur eða beitarhús. Hóllinn er nokkurra metra hár og greinilegt er að eldri mannvistarleifar eru undir stekknunum. Vestari hluti hólsins er nokkru lægri og þar liggur eldri tóft, etv. einhverskonar kofa- eða réttartóft. Þegar grafið var í hólinn 1999 komu fram menjar um mannvist frá eslu tíð, líklega allt aftur á 10. öld. Bæjarhóllinn er í um 60 m fjarlægð frá framkvæmdasvæðinu. Hóllinn er hluti af minjaheild sem hann ásamt túngarði umhverfis hann og öðrum fornleifum innan garðsins mynda. Mikilvægt er að varðveita þessa heild með því að merkja svæðið vel á meðan á framkvæmdum stendur.

Túngarður (158160 99-10) í landi Kirkjubóls. Í Sveitum og jörðum segir: „Við tættur á Ásmundarstöðum liggur torfgarður jarðsokkinn mjög, en samfelldur nokkur hundruð metra út að Kirkjubólsá. Sigfús Þorsteinsson Skálateigi man eftir framhaldi þessa garðs út fyrir skálateig.“ (Sjm: 42)... Ásmundarstaðir liggja í grónum móa um 540m vestsuðvestur af níverandi bæjarhúsi á Kirkjubóli á vesturbakka smá gils sem lækur hefur runnið um fyrrum. Túnið er að hluta umlukið túngarði. Bæjarhóllinn liggur á grasflöt á vesturbakka gilsins en kjarr og annar gróður er mjög farinn að þrengja að bæjarstæðinu og er túngarðurinn að mestu að hverfa í kjarrgróður og hluti tóftanna umhverfis bæjarhólinn er einnig kjarri vaxinn. Túngarðurinn liggur í boga suður fyrir tóftirnar. Hann er ekki greinanlegur sunnan eða austan tóftanna en verður sýnilegur um 20m suðsuðvestan bæjarhólsins. Þaðan liggur hann til suðurs á um 50m kafla og beygir þar til norðurs á um 20m löngum kafla og liggur svo til norðausturs á 250m löngum kafla og endar þar á bakka lækjar sem rennur austan Ásmundarstaða og gegn um tún á Kirkjubóli. Garðurinn er mjög jarðsokkinn og að stærstum hluta horfinn í kjarrgróður. Hann er um 2ja metra breiður og um 70cm hár þar sem hann er hæstur. Svæðið innan garðs er nokkru lægra en ofan hans og virðist sem að jarðvegur, etv. skriða, liggi upp að efri brún garðsins. Garðurinn er mestur um 2ja metra breiður og allt að einn metri á hæð að innanverðu. Heimildir eru til um að garðurinn hafi náð langt út fjallshliðina en engin merki eru um það núna enda svæðið að mestu komið í ræktuð tún. Óvíst er hvað tún Ásmundarstaða hefur verið stórt en ekki er hægt að fullyrða að allur sá hluti garðsins sem að enn er greinanlegur hafi umlukið sjálft túnið sé það rétt að garðurinn hafi náð lengra til austurs. Ekki er hægt að fullyrða um slíkt þar sem svæðið innan garðs er svo kjarri vaxið að ekki er hægt að greina þar önnur garðlög. Um 78m beint norður af bæjarhólum er ferkantað garðlag áfast túngarðinum, mjög virkjamikið þar sem að garðurinn er allt að metri á hæð. Innan þess garðlags er rústabunga og rúst liggur fast utan þess að suðaustan. Túngarðurinn er í um 44 m fjarlægð frá framkvæmdasvæðinu. Túngarðurinn er hluti af minjaheild sem hann myndar ásamt bæjarhólum (158160 99-9) og öðrum fornleifum innan garðsins. Mikilvægt er að varðveita þessa heild með því að merkja svæðið vel á meðan á framkvæmdum stendur.

Tóft, hleðsla (158160 99-14) í landi Kirkjubóls. Um 20m vestur af bæjarhólum á Ásmundarstöðum er hálf hringlaga upphækkun, greinilega tóft eða hringlaga garðlag. Tóftin eða upphækkunin er öll nokkuð þýfð og því erfitt að gera sér grein fyrir nákvæmu lagi hennar en hún virðist að utanmáli vera um 15m frá austri til vesturs og um 10m frá norðri til suðurs. Innan upphækkunarinnar er hringlaga eða aflöng dokk um 7x5m að stærð. Munnmæli herma að ferkantaða garðlagið við túngarðinn norðanverðan séu leifar kirkju og kirkjugarðs. Hafi verið kirkja og kirkjugarður á Ásmundarstöðum í frumkristni er líklegast að hann hafi verið hringlaga, líkt og virðist hafa verið raunin með aðra kirkjugarða frá

sama tíma. Formgerðarlega séð er því upphækkunin vestan bæjarhólsins líkari slíkum mannvirkjum en ferkantaða gerðið. Ekki verður þó fullyrt um slíkt nema með frekari fornleifakönnun. Upphækkunin er í um 68 m fjarlægð frá framkvæmdasvæðinu. Hún er hluti af minjaheild sem bæjarhóllinn (158160 99-9) ásamt túngarði umhverfis hann og öðrum fornleifum innan garðsins mynda. Mikilvægt er að varðveita þessa heild með því að merkja svæðið vel á meðan á framkvæmdum stendur.

Tóft (158160 99-15) í landi Kirkjubóls. Um 10m suðaustan bæjarhólsins á Ásbjarnarstöðum á vestari bakka lækjargils liggur tóft. Tóftin er líklegast af einhverskonar útihúsi og er hún vaxin lyngi og hlaupin í þúfur, líkt og aðrar tóftir frá elsta búsetuskeiði bæjarins. Tóftin er um 4x2m að innanmáli og snýr norðnorðvestur-suðsuðaustur. Dyr hafa vitað í suður. Veggir eru orðnir nokkuð jarðsokknir og eru mestir um 50cm á breidd og um 20cm á hæð. Aftan (norðan við norður skammvegg tóftarinnar er um 7m langt garð- eða tóftarbrot sem kunna að vera leifar eldri tóftar eða garðlags en gæti einnig verið hluti af tóftinni. Tóftin er í um 50 m fjarlægð frá framkvæmdasvæðinu. Hún er hluti af minjaheild sem bæjarhóllinn (158160 99-9) ásamt túngarði umhverfis hann og öðrum fornleifum innan garðsins mynda. Mikilvægt er að varðveita þessa heild með því að merkja svæðið vel á meðan á framkvæmdum stendur.

Tóft (158160 99-16) í landi Kirkjubóls. Vestast á bæjarhólum [bæjarhól Ásmundarstaða] þar sem hann er lægstur eru leifar kjarrgróinnar tófta. Tóftin er um 5x3m að innanmáli og virist inngangur í hana vera við suðvestur horn. Tóftin er annars mjög hlaupin í þúfur og kjarri vaxin. Þykkt veggja er um 40 cm og hæð um 30 cm. Tóftin er í um 51 m fjarlægð frá framkvæmdasvæðinu. Hún er hluti af minjaheild sem bæjarhóllinn (158160 99-9) ásamt túngarði umhverfis hann og öðrum fornleifum innan garðsins mynda. Mikilvægt er að varðveita þessa heild með því að merkja svæðið vel á meðan á framkvæmdum stendur.

Rétt, stekkur (?) (158160 99-17) í landi Kirkjubóls. Um 5m norðan bæjarhóls Ásmundarstaða ofan í gömlum lækjarfarvegi eru leifar af rétt eða stekk. Réttin er hlaðin í gömlum lækjarfarvegi en bæjarhóllinn stendur á vestari bakka gilsins eða farvegarins sem lækurinn hefur runnið um. Hlaðið hefur verið á milli gilbakkanna og hefur hlið verið á réttinni til suðausturs. Smá afhólf virðist vera á réttinni við vestur hlið, um 4x2m að innanmáli. Réttin sjálf er um 9x9m að innanmáli. Hleðslur enn vel greinanlegar og standa allt að metra háar og um metra þykkar. Réttin virðist vera svipuð að aldri og tóftin sem liggur ofan á bæjarhólum og nokkuð yngri en túngarðurinn og aðrar tóftir tilheyrandi býlinu sjálfu. Réttin er í um 62 m fjarlægð frá framkvæmdasvæðinu. Hún er hluti af minjaheild sem bæjarhóllinn (158160 99-9) ásamt túngarði umhverfis hann og öðrum fornleifum innan garðsins mynda. Mikilvægt er að varðveita þessa heild með því að merkja svæðið vel á meðan á framkvæmdum stendur.

Óþekkt, stekkur (?) (158160 99-18) í landi Kirkjubóls. Efst á bæjarhóli Ásmundarstaða eru leifar yngri tóftar, etv. stekkar eða beitarhúsa. Tóftin er þrískipt og liggur hún nálega austur-vestur, líkt og bæjarhóllinn. Austast er tóft, um 2x4m að innanmáli og virðist inngangur eða dyr hafa verið til norðurs. Fast vestan hennar er önnur tóft um 2x2m að innanmáli og kann inngangur í hana að hafa verið til suðurs. Smæsta tóftin er svo vestast, um 1x3m að innanmáli og virðist inngangur vera til norðurs. Allar eru tóftirnar þýfðar og þegar skráning fór fram voru þær mjög vaxnar og erfitt að átta sig á nákvæmum veggjalögum. Tóftin er nær eingöngu vaxin grasi og virðist samtíma rétt eða stekk sem liggur í lækjarfarveginum en yngri en aðrar tóftir á svæðinu. Tóftin er í um 72 m fjarlægð frá framkvæmdasvæðinu. Hún er hluti af minjaheild sem bæjarhóllinn (158160 99-9) ásamt túngarði umhverfis hann og öðrum fornleifum innan garðsins mynda. Mikilvægt er að varðveita þessa heild með því að merkja svæðið vel á meðan á framkvæmdum stendur.

Óþekkt, þúst (158160 99-19) í landi Kirkjubóls. Um 460m suðaustur af Kirkjubólsbæ og

um 125m suðaustan bæjarstæðis á Ásmundarstöðum eru óljósar leifar tóftar. Fyrir miðri vesturhlíð innsta túns á Kirkjubóli er dálítil sléttuð upphækkun sem kann að vera undirstöður undir tóft. Nú er búið að slétta þarna tún og er grjóthrúga norðan tóftarinnar sem kann að vera að hluta úr tóftarhleðslum. Þústin er í um 12 m fjarlægð frá mörkum framkvæmdasvæðisins. Fornleifavernd ríkisins telur að merkja þurfi þústina á meðan á framkvæmdum stendur til að koma í veg fyrir að hún raskist af vangá.

Gata (158160 99-20) í landi Kirkjubóls. Gata liggur inn frá Ásmundarstöðum um túngarðinn, ofan bæjarhóls og út túnið í átt til Kirkjubóls. Óvist hvort um er að ræða götu sem verið hefur í notkun þegar bæjarstæðið var í notkun eða hvort hún tengist seinni tíma minjum á svæðinu. Gatan er einungis í um 7 m fjarlægð frá mörkum framkvæmdasvæðisins. Fornleifavernd ríkisins telur að merkja þurfi götuna á meðan á framkvæmdum stendur til að koma í veg fyrir að hún raskist af vangá. Ef ekki verður komist hjá raski á götunni þarf að mæla hana upp með GPS tæki og sækja um leyfi Fornleifaverndar ríkisins til að fjarlægja eða hylja götuna, sbr. 10. gr. Þjóðminjalaga (Nr. 107/2001).

Fornleifar 158157 100-2,4,6,7,8 og 9 í landi Hóla eru í nágrenni veglínu 1E líkt og í nágrenni veglínu 1D. Sjá lýsingu á þessum fornleifum hér að ofan í umfjöllun um veglínu 1D.

Tóft (158157 100-2) í landi Hóla. Tóftin er í um 14m fjarlægð frá mörkum framkvæmdasvæðisins. Fornleifavernd ríkisins telur að merkja þurfi tóftina á meðan á framkvæmdum stendur til að koma í veg fyrir að hún raskist af vangá.

Beitarhús (158157 100-4) í landi Hóla. Tóftin er í um 39 m fjarlægð frá mörkum framkvæmdasvæðisins. Fornleifavernd ríkisins telur að merkja þurfi tóftina á meðan á framkvæmdum stendur til að koma í veg fyrir að hún raskist af vangá.

Hleðsla (158157 100-6) í landi Hóla. Hleðslan er í um 62 m fjarlægð frá framkvæmdasvæðinu. Henni ætti því ekki að stafa hætta af framkvæmdum. Fornleifavernd ríkisins telur að gera þurfi verktökum grein fyrir tilvist hleðslunnar til að koma í veg fyrir að hún raskist af vangá.

Stekkur (158157 100-7) í landi Hóla. Stekkurinn er í um 62 m fjarlægð frá framkvæmdasvæðinu. Honum ætti því ekki að stafa hætta af framkvæmdum. Fornleifavernd ríkisins telur að gera þurfi verktökum grein fyrir tilvist stekksins til að koma í veg fyrir að hann raskist af vangá.

Tóft (158157 100-8) í landi Hóla. Tóftin er í um 37 m fjarlægð frá mörkum framkvæmdasvæðisins. Fornleifavernd ríkisins telur að merkja þurfi tóftina á meðan á framkvæmdum stendur til að koma í veg fyrir að hún raskist af vangá.

Mógrafir (158157 100-9) í landi Hóla. Mógrafirnar eru í um 45 m fjarlægð frá mörkum framkvæmdasvæðisins. Fornleifavernd ríkisins telur að merkja þurfi mógrafirnar á meðan á framkvæmdum stendur til að koma í veg fyrir að þær raskist af vangá.

Veglína 2A.

Taka þarf tillit til eftirtalinnna fornleifa vegna veglínu 2A (skáletraður texti er úr skýrslu Byggðasafns Skagfirðinga):

Sauðahús (158152 96-13) í Fannardal. Um 430m suður af Fannardalsbænum, rúmlega 150m suður af Norðfjarðará og tæpa 160m vestur af grjóthlaðinni rétt [158152 96-14] eru tóftir sauðahúsa. Torf- og grjóthlaðin tóft, 13x7m að utanmáli með garða fyrir miðju. Breidd veggja er mest 1,5m en breidd garða er 1m. Tóftin liggur norðu/suður og aftan eða sunnan við eru leifar eldri tóftar 5x5m að utanmáli. Veggjalög hennar eru ekki greinileg. Tóftin er í um 60 m fjarlægð frá mörkum framkvæmdasvæðisins. Fornleifavernd ríkisins telur að merkja þurfi tóftina á meðan á framkvæmdum stendur til að koma í veg fyrir að hún raskist af vangá.

Rétt (158152 96-14) í Fannardal. Í Búskaparannál Sveita- og jarða segir: „Steinrétt

sunnan við bæ enn litið skemmd, hlaðin úr stórgrýti af Jóni Björnssyni b[óna] í F[annardal], langafa Guðröðar Jónssonar.“ (SJM, 48). Rúmlega 560m suðaustur af Fannardalsbænum, 15m suður af árbakka Norðfjarðararr en grjóthlaðin rétt. Grjóthlaðin rétt, 16x18m að utanmáli. Hlið hefur verið við norðvestur horn réttarinnar. Réttin er hlaðin upp við stóran náttúrustein og er hún eingöngu hlaðin úr grjóti. Að innanmáli er réttin um 15x5m. Austari dilkurinn er um 5x10m að innanmáli og innagengt í vestari dilkinn sem er stærri um 7x10m að innanmáli. Hæð veggja er um 1,5m og þykkt um 1m. Réttin er í um 82 m fjarlægð frá framkvæmdasvæðinu. Henni ætti því ekki að stafa hættu af framkvæmdum. Fornleifavernd ríkisins telur að gera þurfi verktökum grein fyrir tilvist réttarinnar til að koma í veg fyrir að hún raskist af vangá.

Fornleifar 158157 100-4 í landi Hóla og 158171 93-1, 2, 3,4 og 5 í landi Skorrastaða eru í nágrenni veglínu 2A líkt og í nágrenni veglínu 1A og 1B. Sjá lýsingu á þessum fornleifum hér að ofan í umfjöllun um veglínu 1A.

Beitarhús (158157 100-4) í landi Hóla. Tóftin er í um 34 m fjarlægð frá mörkum framkvæmdasvæðisins. Fornleifavernd ríkisins telur að merkja þurfi tóftina á meðan á framkvæmdum stendur til að koma í veg fyrir að hún raskist af vangá.

Beitarhús-tóft (158171 93-1) í landi Skorrastaðar. Tóftin er talin vera frá 19. eða 20. öld. Miðtóftin er í um 18 m fjarlægð norður af mörkum framkvæmdasvæðisins. Fornleifavernd ríkisins telur að merkja þurfi tóftina á meðan á framkvæmdum stendur til að koma í veg fyrir að hún raskist af vangá.

Beitarhús, fjárhús/hlaða (158171 93-2) í landi Skorrastaðar. Tóftin er í um 21 m fjarlægð frá mörkum framkvæmdasvæðisins. Fornleifavernd ríkisins telur að merkja þurfi tóftina á meðan á framkvæmdum stendur til að koma í veg fyrir að hún raskist af vangá.

Beitarhús-kofi (158171 93-3) í landi Skorrastaðar. Tóftin er í um 22 m fjarlægð frá mörkum framkvæmdasvæðisins. Fornleifavernd ríkisins telur að merkja þurfi tóftina á meðan á framkvæmdum stendur til að koma í veg fyrir að hún raskist af vangá.

Gata (158171 93-4) í landi Skorrastaðar. Hluti götunnar mun hverfa undir veglínuna. Gatan hefur verið mæld upp með gps tæki. Fornleifavernd ríkisins telur að ekki þurfi að grípa til frekari mótvægisáðgerða gagnvart götunni en bendir á að sækja þarf um leyfi Fornleifaverndar ríkisins til að fjarlægja eða hylja götuna, sbr. 10. gr. Þjóðminjalaga (Nr. 107/2001).

Kofi/Smalakofi (158171 93-5) í landi Skorrastaðar. Tóftin er í um 88 m fjarlægð frá framkvæmdasvæðinu. Henni ætti því ekki að stafa hættu af framkvæmdum. Fornleifavernd ríkisins telur að gera þurfi verktökum grein fyrir tilvist tóftarinnar til að koma í veg fyrir að hún raskist af vangá.

Efnislosunarsvæði í Eskifirði.

Í niðurlagi fornleifskráningarskýrslu frá 2008 kemur fram að þegar skráningin fór fram hafi ekki legið fyrir upplýsingar um efnistökusvæði, möguleg girðingastæði eða önnur vinnusvæði. Í frummatsskýrslu er fjallað um efnislosunarsvæði í Eskifirði. Tvær minjar eru í nágrenni svæðisins (skáletraður texti er úr skýrslu Byggðasafns Skagfirðinga):

Rétt (?), hleðsla (158159 130-24) í landi Eskifjarðar. Möguleg réttartóft er um 500 m vestan við bæjarhús í Eskifirði um 80 m upp frá vegi og um 20 m vestan við stekk nr. 130-37. Sökum mikils gróðurs og þúfna var erfitt að greina veggjalög nákvæmlega en þó virðist um að ræða einhverskonar hleðslu. Hleðslan eru um 15 m löng vestan til og um 1m til austurs, myndar horn upp við fjallsbrekkuna ofan við melinn ofan malarnáms. Að hluta til er réttin grafin inn í hliðina. Hlið hefur verið til austurs. Mesta veggshæð er um 1,7 m og þykkt 2 m. Réttin er í um 20 m fjarlægð frá mörkum efnislosunarsvæðisins. Fornleifavernd ríkisins telur að merkja þurfi réttina á meðan á framkvæmdum stendur til að koma í veg fyrir

að hún raskist af vangá.

Stekkur (158159 130-25) í landi Eskifjarðar. „Á milli Innri-Þverár og Ytri-Þverár niðri undir Eskifjarðará heita Bakkar. Fyrir utan Ytri-Þverá eru Sléttur, síðan Hlaup. Þar utan undir er Stekkur og svo Stekkslækur“ (ÖE). Stekkjartóft er uppi á mel um 80 m ofan vegar inn á Eskifjarðarheiði. Um 650m vestnorðvestur af bæjarhúsum á Eskifirði utan lækjar sem rennur í gili. Veggir standa enn ágætlega en eru nokkuð farnir að hrynja, vegghleðslur hæstar um einn metri og þykkt þeirra um 2m. Hleðslur orðnar mjög grónar og aðeins sést grjót í hleðslu við suðurdyr. Stekkurinn snýr norður-suður, er um 11m langur og um 8m breiður að utanmáli. Dyr eru á suðurhlið en við norðvesturhorn er einnig um 1m langur gangur út úr tóftinni. Stekkurinn er í um 20 m fjarlægð frá mörkum efnislosunarsvæðisins. Fornleifavernd ríkisins telur að merkja þurfi stekkin á meðan á framkvæmdum stendur til að koma í veg fyrir að hann raskist af vangá.

Samantekt.

Veglína 1A.

Gera þarf verktökum grein fyrir tilvist **kofa/smalakofa (158171 93-5) í landi Skorrastaðar** til að koma í veg fyrir að rústin raskist að óþörfu.

Merkja þarf eftirtaldar rústir á meðan á framkvæmdum stendur til að koma í veg fyrir að þær raskist af vangá: **Beitarhús (158157 100-4) í landi Hóla, Beitarhús-tóft (158171 93-1) í landi Skorrastaðar, Beitarhús, fjárhús/hlaða (158171 93-2) í landi Skorrastaðar og Beitarhús-kofi (158171 93-3) í landi Skorrastaðar.**

Sækja þarf um leyfi Fornleifaverndar ríkisins til að fjarlægja eða hylja götu (158171 93-4) í **landi Skorrastaða.**

Veglína 1B.

Merkja þarf eftirtaldar rústir á meðan á framkvæmdum stendur til að koma í veg fyrir að þær raskist af vangá: **Beitarhús (158157 100-4) í landi Hóla, beitarhús-tóft (158171 93-1) í landi Skorrastaðar, beitarhús, fjárhús/hlaða (158171 93-2) í landi Skorrastaðar og beitarhús-kofi (158171 93-3) í landi Skorrastaðar.**

Sækja þarf um leyfi Fornleifaverndar ríkisins til að fjarlægja eða hylja götu (158171 93-4) í **landi Skorrastaðar.**

Grafa þarf könnunarskurð í **kofa/smalakofa (158171 93-5) í landi Skorrastaðar** í þeim tilgangi að kanna hlutverk hans og til að reyna að fá betri hugmynd um aldur kofans.

Veglína 1C.

Gera þarf verktökum grein fyrir tilvist **réttar (158160 99-7) í landi Kirkjubóls** til að koma í veg fyrir að rústin raskist að óþörfu.

Merkja þarf eftirtaldar rústir á meðan á framkvæmdum stendur til að koma í veg fyrir að þær raskist af vangá: **Beitarhús (158157 100-4) í landi Hóla, sundlaug (158160 99-1) í landi Kirkjubóls, veg (158160 99-2) í landi Kirkjubóls, fjárhús (158160 99-3) í landi Kirkjubóls, tóft (158160 99-6) í landi Kirkjubóls og mógrafir (158160 99-8) í landi Kirkjubóls.**

Grafa þarf könnunarskurð í **kofa/smalakofa (158171 93-5) í landi Skorrastaðar, stekk, heytóft (?) (158160 99-4) í landi Kirkjubóls og tóft (158160 99-5) í landi Kirkjubóls** í þeim tilgangi að kanna hlutverk þeirra og til að reyna að fá betri hugmynd um aldur mannvirkjanna.

Veglína 1D.

Mógrafir (158160 99-8) í landi Kirkjubóls lenda á framkvæmdasvæði veglínu 1D. Þær hafa

verið skráðar. Fornleifavernd ríkisins telur þetta fullnægjandi mótvægisáðgerðir en bendir á að sækja þarf um leyfi Fornleifaverndar ríkisins til að fjarlægja eða hylja mógrafirnar, sbr. 10. gr. þjóðminjalaga (Nr. 107/2001).

Gera þarf verktökum grein fyrir tilvist **hleðslu (158157 100-6) og stekks (158157 100-7) í landi Hóla** til að koma í veg fyrir að fornleifarnar raskist að óþörfu.

Vegur (158160 99-2) í landi Kirkjubóls. Vegurinn er í útjaðri framkvæmdasvæðisins. Vegurinn, sem er bílvegur, er frá fyrri hluta 20. aldar og nýtur því ekki verndar þjóðminjalaga þar sem hann er ekki orðin 100 ára, sbr. 9. gr. laganna. Ef ekki reynist unnt að varðveita veginn er það álit Fornleifaverndar ríkisins að mæla þurfi upp og ljósmynda þann kafla hans sem raskað verður.

Merkja þarf eftirtaldir rústir á meðan á framkvæmdum stendur til að koma í veg fyrir að þær raskist af vangá: **Sundlaug (158160 99-1), fjárhús (158160 99-3), og rétt (158160 99-7) í landi Kirkjubóls og tóft (158157 100-2), beitarhús (158157 100-4), tóft (158157 100-8) og mógrafir (158157 100-9) í landi Hóla.**

Grafa þarf könnunarskurð í **stekki, heytóft (?) (158160 99-4), tóft (158160 99-5) og tóft (158160 99-6) í landi Kirkjubóls** í þeim tilgangi að kanna hlutverk þeirra og til að reyna að fá betri hugmynd um aldur mannvirkjanna.

Veglína 1E.

Gera þarf verktökum grein fyrir tilvist **fjárhúss (158160 99-3), stekks, heytóftar (?) (158160 99-4), tóftar (158160 99-5), tóftar (158160 99-6), réttar (158160 99-7) og mógrafa (158160 99-8) í landi Kirkjubóls og hleðslu (158157 100-6) og stekks (158157 100-7) í landi Hóla** til að koma í veg fyrir að fornleifarnar raskist að óþörfu.

Sundlaug (158160 99-1) í landi Kirkjubóls. Sundlaugin, sem er byggð á fyrri hluta 20. aldar, stendur einungis um 2 m frá framkvæmdasvæðinu. Hún nýtur ekki verndar þjóðminjalaga þar sem hún er ekki orðin 100 ára, sbr. 9. gr. laganna. Fornleifavernd ríkisins telur engu að síður mikilvægt að reynt verði að varðveita sundlaugina með því að merkja hana vel á meðan á framkvæmdum stendur. Ef ekki reynist unnt að varðveita sundlaugina er það álit Fornleifaverndar ríkisins að mæla þurfi mannvirkni nákvæmlega upp áður en því er raskað.

Gata (158160 99-20) í landi Kirkjubóls. *Gata liggur inn frá Ásmundarstöðum um túngarðinn, ofan bæjarhóls og út túnið í átt til Kirkjubóls. Óvist hvort um er að ræða götu sem verið hefur í notkun þegar bæjarstaðið var í notkun eða hvort hún tengist seinni tíma minjum á svæðinu.* Gatan er einungis í um 7 m fjarlægð frá mörkum framkvæmdasvæðisins. Fornleifavernd ríkisins telur að merkja þurfi götuna á meðan á framkvæmdum stendur til að koma í veg fyrir að hún raskist af vangá. Ef ekki verður komist hjá raski á götunni þarf að mæla hana upp með GPS tæki og sækja um leyfi Fornleifaverndar ríkisins til að fjarlægja eða hylja götuna, sbr. 10. gr. þjóðminjalaga (Nr. 107/2001).

Bæjarhóll Ámundarstaða (158160 99-9) í landi Kirkjubóls er hluti af minjaheild sem hann ásamt túngarði umhverfis hann og öðrum fornleifum innan garðsins mynda. Mikilvægt er að varðveita þessa heild með því að merkja svæðið vel á meðan á framkvæmdum stendur. Þær fornleifar sem tilheyra þessari heild eru: **Bæjarhóll (158160 99-9), túngarður (158160 99-10), tóft (158160 99-14), tóft (158160 99-15), tóft (158160 99-16), rétt, stekkur (?) (158160 99-17) og óþekkt, stekkur (?) (158160 99-18).** Auk þessara minja tilheyra garðlag (158160 99-11), rústabunga (158160 99-12) og tóft (158160 99-13) þessari minjaheild þó ekki sé fjallað um þær í frummatsskýrslu vegna fjarlægðar frá framkvæmdasvæði.

Einnig þarf að merkja eftirtaldir rústir á meðan á framkvæmdum stendur til að koma í veg fyrir að þær raskist af vangá: **Veg (158160 99-2) og óþekkt þúst (158160 99-19) í landi Kirkjubóls og tóft (158157 100-2), beitarhús (158157 100-4), tóft (158157 100-8) og mógrafir (157158 100-9) í landi Hóla.**

Veglína 2A.

Gata (158171 93-4) í landi Skorrastaðar. Hluti götunnar mun hverfa undir veglínuna. Gatan hefur verið mæld upp með gps tæki. Fornleifavernd ríkisins telur að ekki þurfi að grípa til frekari mótvægisáðgerða gagnvart götunni en bendir á að sækja þarf um leyfi Fornleifaverndar ríkisins til að fjarlægja eða hylja götuna, sbr. 10. gr. Þjóðminjalaga (Nr. 107/2001).

Gera þarf verktökum grein fyrir tilvist **réttar (158152 96-14) í Fannardals og kofa/smalakofa (158171 93-5) í landi Skorrastaðar** til að koma í veg fyrir að fornleifarnar raskist að óþörfu.

Merkja þarf eftirtaldar rústir á meðan á framkvæmdum stendur til að koma í veg fyrir að þær raskist af vangá: **Sauðahús (158152 96-13) í landi Fannardals, beitarhús (158157 100-4) í landi Hóla og beitarhús (158171 93-1), beitarhús (158171 93-2) og beitarhús (158171 93-3) í landi Skorrastaðar.**

Efnislosunarsvæði í Eskifirði.


Merkja þarf eftirtaldar rústir á meðan á framkvæmdum stendur til að koma í veg fyrir að þær raskist af vangá: **Rétt (?), hleðslu (158159 130-24) og stekki (158159 130-25) í landi Eskifjarðar.**


Að því gefnu að gripið verði til þeirra mótvægisáðgerða sem settar eru fram í þessari umsögn leggst Fornleifavernd ríkisins ekki gegn neinum þeirra veglínukosta sem fram eru settir í frummatsskýrslu Norðfjarðarvegar um Norðfjarðargöng né notkun efnislosunarsvæðis í Eskifirði.

Fornleifavernd ríkisins minnir á að varast ber að hafa vinnubúðir eða önnur athafnasvæði of nálægt fornleifum og haga ber akstri þungavinnuvéla með tilliti til fornleifa.

Fornleifavernd ríkisins gerir ekki frekari athugasemdir við mat á umhverfisáhrifum ofangreindrar framkvæmdar. Bent skal á að í 10. gr. Þjóðminjalaga stendur m.a.: *Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema með leyfi Fornleifaverndar ríkisins.* Og 13. gr. sömu laga sem hljóðar svo: *Nú finnast fornleifar sem áður voru ókunnar og skal finnandi þá skýra Fornleifavernd ríkisins frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornleifar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd uns fengin er ákvörðun Fornleifaverndar ríkisins um hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum.*

Virðingarfyllst,
f.h. Fornleifaverndar ríkisins


Kristín Huld Sigurðardóttir
Forstöðumaður


Kristinn Magnússon
Deildarstjóri